

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 265/1984 um skuldbreytingarlán úr  
Fiskveiðasjóði Íslands.**

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Afgreiðslu skuldbreytingarlána samkvæmt reglugerð þessari skal lokið fyrir 1. janúar 1985.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44/1976, sbr. l. nr. 40/1984 um breytingu á lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftibreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 12. desember 1984.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**


---

*Gylfi Gautur Pétursson.*

Nr. 465

5. desember

**AUGLÝSING**

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Bifreiðastöður verða bannaðar við Fífusel, húsagötu Flúðasels, Fljótasel og Fjarðarsel.

Auglýsing þessi tekur gildi 15. þ. m.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 5. desember 1984.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

Nr. 466

30. nóvember 1984

**AUGLÝSING**

**um staðfestingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarkauptúns.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 30. nóvember 1984 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Vopnafjarðarkauptúns.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1984.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**


---

*Hólfríður Snæbjörnsdóttir.*